Kvennablaðið kostar 1 kr. 50 au. innanlands, erlendis 2 kr. [65 cent vestanhafs] 1/2 verðsins borgist fyrfram, en 1/2 fyrir 15. júlí.

Kvennabladid.

Uppsögn skrifleg bundin við áramót, ógild nema komin sé til útgef. fyrir 1. okt og kaupandi hafi borgað að fullu.

21. ár. | Reykjavík, 21. desember 1915. | № 12.

Keir Hardie.

Menn skyldu hafa ætlað að íslenzku blöðin hefðu getið þessa látna heimsfræga verkamannaforingja ensku þjóðarinnar, og eins af samtíðarinnar mestu mikilmennum. En — þau hafa flest algerlega þagað um það, ellegar þá að eins getið hans með örfáum orðum, án þess að minnast minstu vitund á lífsstarf hans og áhrif.

Keir Hardie! Hvað eg man vel eftir honum á kvennakongressinum í Budepest. — Hann var einn af fulltrúum enska karlm.félagsins, sem barðist fyrir kosningarrétti kvenna og hafði stofnað alþjóðlegt sambandsfélag karlmanna til þess, sem hélt alþjóðafund sinn um sama leyti í Budapest og konurnar héldu sinn kongress eða stórþing.

Tvo Englendinga varð mér starsýnast á á þessum fundi: Mrs. Despard, systur Sir French yfirherforingja brezka hersins, sem nú er á Frakklandi, og Keir Hardié. — Þau vóru bæði hvít fyrir hærum. Þó mun hún hafa verið talsvert eldri — á áttræðisaldri. — Hann var einkennilega íslenzkulegur. Eins og þar væri kominn merkur íslenzkur bóndi. En vanari að vera í mannfjölda og umgangast fólk af öllum stéttum, án þess að láta sér bregða eða sýna minsta lit af undirgefni.

Enginn af fundarmönnum dró athygli manna meir að sér. Menn vissu að þetta var frægi jafnaðarmannaforinginn enski og þingmaðurinn, sem í Parlamentinu enska hafði mikið að segja, ekki síður en hjá verkamönnunum, þegar skyldi jafna úr deilum milli þeirra og vinnuveitendanna.

Konur, og einkum kvenréttindakonur í Budapest, sóttust eftir að tala við hann og bjóða honum heim. Hann mátti heita uppáhald þeirra allra. En hann hafði líka sýnt í verkinu heima fyrir að hann fylgdi málum þeirra af alvöru. Hann hafði, þrátt fyrir það, að hann var verkamannaþingmaður, mótmælt sínum flokki við síðustu kosninaarnar, þegar hann neitaði að taka kosningarrétt kvenna á stefnuskrá sína. Jafnrétti var flokksins æðsta markmið, því skyldi hann líka framfylgja, — jafnrétti milli allra stétta, — jafnrétti milli karla og kvenna.

Og Keir Hardie mótmælti algerlega meðferð Asquith stjórnarinnar á Suffragettunum, þegar stjórnin braust inn í skrifstofu aðalstjórnar »Women's Social and Political Union«, fangelsaði skrifstofukonurnar, braut upp peningaskápana og tók peninga þá og ávísanir, sem hún náði í, bækur og skjöl, og gerði upptækt blað þeirra og fyrirbauð prentun á því — þá var það Keir Hardie sem bauð konunum að láta prenta það, þrátt fyrir forboð stjórnarinnar. — Til allrar hamingju fyrir þær, gat stjórnin ekki á löglegan hátt haldið þessu áfram, svo tveim dögum síðar blakti fáni þeirra aftur yfir byggingunni og blað þeirra hélt áfram að koma út. Keir var aldrei hræddur að segja sína skoðun á málum, hver sem í hlut átti. Þannig var það síðar um sumarið 1913, að hann hélt ræðu í neðri deild Parlamentisins, sem vakti mikla eftirtekt. Um þær mundir stóð yfir mjög óþokkalegt mál, sem mjög var tiðrætt um í London. Alþekt kona, sem þóttist hafa fínt matsöluhús, og heimili fyrir stúlkur, várð uppvís að því að halda þær til ólifnaðar, jafnvel án þeirra vitundar og vilja í fyrstu, og við þetta voru jafnvel riðnir ýmsir af helztu þingmönnunum og einn eða fleiri af ráðherrunum.

Þá var það að Keir Hardie hélt mjög harðorða og gremjufulla ræðu, og krafðist fullrar skýringar á þessu máli. Heimtaði »Parlamentið hreinsað, eða hreinsað út«.

Dönsk kona, sem var viðstödd sem áheyrandi, segir um þetta:

»Mér stendur Keir Hardie svo lifandi fyrir sjónum, þegar hann í stutta gráa jakkanum sínum sneri sér að hinum kjólklædda ráðherra sem hafði varið dóminn (Mac Kenna). Þessi ráðherra var alþektur fyrir hörku sína við Suffragetturnar, sem Keir Hardie hafði altaf stutt síðan 1906, þrátt fyrir að það var oft gagnstætt meirihluta verkamannaflokksins — og í lok ræðu sinnar sagði hann: »Eg segi hinum hæstvirta ráðherra það, að það er bágborið ástand í því landi, þar

sem pútnamella fær 6 mánaða einfalt fangelsi, en slík kona sem Emmaline Pankhurst er dæmd í þriggja ára glæpamannafangelsisvinnu«.

Eg gleymi aldrei þeirri mínútu löngu dauðaþögn sem varð í salnum við þessi orð«. —

Eg var svo heppin að vera boðin með honum og mörgum fleirum í stórt »Garden party« hjá alþektum professorshjónum í Budapest, og þar vorum við samkynt. Honum þótti gaman að frétta ýmislegt frá Íslandi, bæði um kvenréttindamálin og fleiri alþýðumál. Við mæðgur undruðumst okkar á milli hve íslenzkulegur hann var. Hann var alþýðumaður í húð og hár og vildi hvorki vera annað né sýnast annað. Á fundunum og í boðum var hann í sínum venjulegu gráu stuttu jakkafötum. Hann gladdist yfir kosningaréttarhreyfingunni bæði á Íslandi og annarsstaðar sem sjálfsagðri mannréttindakröfu öllra flokka, bæði kvenna og karla. Þegar hann talaði, þá yngdist hann upp.

Jafnaðarmennirnir í Budapest héldu stóran fund honum til heiðurs. Þar hélt hann þrumandi ávítunarræðu til þeirra fyrir árásir í blöðum þeirra fyrirfarandi daga á kosningarréttarhreyfingu kvenna og þetta kvennaþing, sem þeir kölluðu »yfirstéttafund«, og talaði djarft og skorinort máli kvenna, með svo miklum persónulegum sannfæringarinnar krafti, að það hlaut að hafa áhrif. Að síðustu lauk hann ræðu sinni með að bera saman grundvallarstefnuna í kenningu Krists, og hvaða áhrif hún ætti að hafa á jafnaðarmannastefnuna, og lýsti yfir hvaða áhrif Krists kenning hefði haft á sig, og að hann legði sín mál í auðmýkt undir guðs dómstól. — Þá var allur mannfjöldinn auðsjáanlega á hans valdi. —

Sylvia Pankhurst segir í æfiminningu eftir hann í blaði sínu »Women's Dreadnought«:

»Keir Hardie var okkar samtíðar stærsti þjóðskörungur.

Þegar rykið, sem mótflokkarnir þyrla upp yfir nöfn brautryðjendanna, fellur niður, þá verður þessu játað af öllum.

Örlögin gáfu þessum manni, sem var hugprúðari og tryggari en aðrir menn, nafnið Keir (Klettur), það var ættarnafn móður hans. Hardie var föðurættarnafnið. Hann var alþýðubarn, í ætt við gömlu skozku hæðirnar og viðáttuna. Faðir hans var fiskimaður, og sjálfur hafði hann útitekna yfirlitinn, sem venjulega fylgir sjómönnunum. Hann var eins og skapaður til að bera í sér mikinn kraft. Höfuðið var óvenjulega kröftuglega bygt, og djúpu augun lýstu eins og sólskin gegn um blæju.

— Annan mikinn og merkan kvenréttindavin hafa konur mist þar sem Karl Staff var, hinn fyrverandi sænski forsætisráðherra. Það er óhætt að fullyrða að sænskar konur áttu ekki annan betri liðsmann en hann. Fjórum sinnum bar hann fram frumvarp um kosningarrétt sænskra kvenna í ríkisþinginu í Stokkhólmi, og sem forsætisráðherra bar hann það fram sem stjórnarfrumvarp 1912, í fyrsta sinni í þingsögu Svía, þar sem það var samþykt í neðri deildinni með miklum meiri hluta, en felt í hinni efri.

Margar sænskar konur hafa ritað hlý og þakklætisfull minningarorð yfir Karl Staff. Þannig hefir frk. Anna Klemann í »Herta« tekið upp kafla úr hans eigin framsögu fyrir kosningarréttarmáli kvenna 1912 í neðri málstofunni. Lýsir hún bezt frjálslyndi og viðsýni hans:

»Menn geta sagt að kosningarréttarkrafa kvenna sé ekkert annað en áframhald og ný þroskun þeirrar tilfinningar, sem einu sinni greip ófrjálsu menuina í þjóðfélögunum og kom þeim til að spyrja: »Hvernig stendur á því að við, sem ekki erum aðalbornir, skulum ekki hafa nein regluleg mannleg og borgaraleg réttindi?« — Þessi spurning velti aðalsvaldinu og einkaréttindunum. Það er enn fremur framhald þessarar spurningar, þegar fátæklingarnir seinna á tímum fóru að spyrja: »Er það réttlátt. að af því að eg er fæddur í fátækt, og ekki hefi útlit til að verða annað en fátæklingur, að eg þá skuli ekki fá nein áhrif á málefni ættjarðar minnar? Þannig byrjaði baráttan gegn takmörkun kosningarréttarins í öllum löndum — baráttu, sem nær því alstaðar hefir endað með almennum kosningarrétti — svokölluðum, þangað til konurnar vildu líka láta heyra til sín, og fóru að spyrja: Hvaða réttlæti er það að einungis af því að við tilheyrum öðru kyni, þá skuli ekki vera farið með okkur eins og fullmynduga meðborgara?« Og ef það er þannig efalaust að þessi krafa er nauðsynleg afleiðing af annari kröfu, sem við höfum ekki enn þá skoðað nema að litlu leyti, þá geta menn ennfremur spurt: »Er þá nokkurt útlit til að þær ástæður, sem hafa framkallað þessa spurningu kvenna um réttindi líka handa þeim muni breytast?« — Þessi orð eru jafn einkennileg fyrir málið, sem um var að ræða, eins og fyrir manninn, sem talaði þau.«

Noregur.

Stórþingskosningarnar

í Noregi eru nú um garð gengnar. Fyrir konurnar voru þær ekki glæsilegar. Þær höfðu í tveimur stöðum sett konur á lista, sem þingmannaefni, og víða sem varamenn. Lengi höfðu þær nokkra von um að ein kona af varamönnunum mundi ná þingmannssætinu í Sandviken, af því að sá þingmaður var líka kosinn annarsstaðar og gat valið um í hverjum staðnum hann vildi verða kosinn. En hann sat kyr í Sandviken og konan komst ekki í þingmannssætið.

Þessar konur náðu kosningu sem varamenn:

1. Frú Margrét Lavik, Bergenskjördæmi, Sandviken. Vinstri.
2. Prófessor Kristín Bonnevie, Gamla Akers kjördæmi í Kristjaníu. Frjálslynd. Sett á lista af hægri- og frjálslynda flokknum.
3. Frú Anna Laurgaard, Lademoens kjördæmi, Þrándheimi. Verkmannaflokkurinn.
4. Fröken Sara Christie, Baklandets kjördæmi, Þrándheimi. Sett á lista af Hægriflokknum.

Þá hafa allir flokkarnir konu sem varamann nema Verkamannademokratarnir.

Norska kvennablaðið »Nylænde« segir, að þetta verði að vera síðasta sinnið, sem norskar konur hafi engan þingfulltrúa. — Og að þær verði strax áð fara að vinna að því, — þótt 3 ár séu til næstu kosninga.

Asquith lætur undan.

Það vakti ekki litla gleði meðal ensku suffragettanna, þegar ein af foringjum þeirra, Miss Pressley Smith, var skipuð í ritaraembættið í sendiherrasveitinni í Kristjaníu. Skömmu áður hafði fulltrúa sendinefnd kvenna verið send á fund Asquith's til að skora á hann að opna nú hinar hærri borgaralegu stöður og embætti handa konum, sem hefðu háskólamentun, og um leið bentu þær á, að mörg embætti við sendiherrasveitirnar og í stjórnarráðinu væru mjög hentug fyrir konur. Útnefning Miss Pressley Smith er fyrsti árangurinn af þessum viðræðum. Það virðast því vera sigurlaun til suffragettanna — og vonandi kemur meira á eftir. Miss Pressley Smith hefir stofnað og sameinað margar deildir af kvenréttindafélögum í Edinborg fyrir 2½ ári. Asquith hefir því nú lært þetta tvent: *að* taka á móti sendinefndum kvenna og tala við þær sjálfur, og *að* taka tillit til óska þeirra og fara að orðum þeirra. Hann er auðsjáanlega farinn að láta undan, enda hefir hann heldur varla stöðugt lögreglulið lengur til að verja sig fyrir konum. Nú er annað með karlmennina að gera á Englandi.

Skófatnað

beztan og ódýrastan fáið þér í

Skóverzlun

Stefáns Gunnarssonar

Austurstræti 3.

Jólaköuhveiti

í NÝHÖFN

fær almenningslof.

Jólaverð.

Gott kökuhveiti pr. kilo 0,32 aura
Hið alþekta, ágæta hveiti — — 0,36 —
Gerhveiti — — 0,50 —
Rúsínur 1/2 — 0,48 —

Kardemommer. — Eggjapúlver. — Súkat.

Gerpúlver og **Citrónolía** — (áreiðanlega það bezta í bænum).

Strausykur 0,58 pr. kilo. — Púðursykur 0,52 pr. kilo.

Melís í toppum 0,62 pr. kilo,

högginn melís í kössum 0,62 pr. kilo.

Kaffið ijúffenga, brent og malað, 2,40 pr. kilo.

Exportkaffi 1,00 pr. kilo.

Sultutau. **Ávextir.**

Sukkulaði, margar tegundir, þar á meðal hið alþekta KONSUM á 2,60 pr. kilo.

Spilin góðu, mikið úrval.

Stearinkerti, Jólakerti,

og margt fleira.

Pantanir eru allar afgreiddar samdægurs og viðskiftavinunum er ekki skamtað hvað mikið þeir fái keypt, en hverjum einum selt það, sem hann óskar, meðan birgðir eru til.

Eins og vant er mun verða drýgst að kaupa til jolanna hjá

Jes Zimsen.

Sími nr. 4.

Jólaverð.

VINDLAR

Gobden — El Arte — Maravilla — Bridge

og margar aðrar tegundir.

Smávindlar og Vindlingar

hjá

Jes Zimsen.

Sími 4.

Jón Hjartarson & Co.

Sími 40. **Hafnarstræti 4.**

Hafa á boðstólum allskonar jólavörur.

Hveiti 4 teg. frá 16—25 au. pr. ½ kg. (þar á meðal Gerhveiti).

Melis í toppum kr. 0,30 pr. ½ kg.
Steyttur Melis kr. 0,28 pr. ½ kg í 5 kg.
Púðursykur — 0,26 — — — í 5 kg.
Högginn Melis.

Rúsínur (Muscateller), **Sveskjur, Sago, Riismjöl, Kartöflumjöl, Sagomjöl, Bankabyggsmjöl.**
Allskonar kryddvörur.

Consum Chocolade (Sirius), auk þess margar aðrar Chocolade tegundir. **Cacao, Confect, Brjóstsykur.**

Hátíðadrykkir hvergi meira úrval, 15 teg. úr að velja, **Citron, Champagne, Cola, Sódavatn.**

Vindlar, Cigarettur, Tóbak, afarmiklu úr að velja. Verðið sanngjarnt eftir gæðum.

Jón Hjartarson & Co.

Verzlunin

Björn Kristjánsson,

Reykjavík, **Vesturgötu 4,**

selur allskonar **VEFNAÐARVÖRUR** af vönduðustu tegundum; litirnir óvenjulega haldgóðir.

Meðal annars má nefna: **Klæði, enskt vaðmál, fatatau** allsk., **kjólatau, svuntutau, sjöl** stór, mikið úrval; **herðasjöl, karlmannaföt, prjónnærföt** fyrir börn og fullorðna o. m. m. fl.

Verðskrá sendist ókeypis þeim er óska.

Til jólanna:

Hveiti, mjög gott. — Sykur, allskonar. — Rúsínur. — Sveskjur. — Kirseber. — Kúrennur. — Fikjur í ½ kg. kössum. — Þurkuð epli og Aprikósur. — Kardemommur. — Muskat. — Súkkat. — Möndlur. — Gerduft. — Búðingsduft. — Kakao og Sjókolade, fleiri tegundir. Syltuð jarðarber. — Hindber og Plómur á glösum. Leverpostei. — Síld í olíu. — Ansjósur. — Jólakerti, stór og smá. — Spil, fleiri teg. — Jólatrésskraut. Jóla- og nýárskort. — Póstkort, mjög falleg. — Myndarammar.

Jóla-öl: Hafnia. Lager. Pilsner. Maltöl. Porter. Epli, dönsk og ameriksk. — Laukur. — Kartöflur, ágætar.

Vindlarnir ágætu frá Hirchpung. Cigarettur, flestar betri tegundir

í verzlun

Halldórs Gunnlögssonar

Laugaveg 5.

Útgefandi: **Briet Biarnhéðinsdóttir.** — Prentsmiðjan Gutenberg.